



3. tbl.

Skólaárið 2017 / 2018

Fréttabréf GSnb



Nú, þegar aðventan er gengin í garð, breytist takturinn í skólanum og tekur mið af því að jólahátíðin nálgast. Margt er gert til að undirbúa jólin og búa til jólastemningu. Má þar helst nefna piparkökudaginn á öllum starfstöðvum, skólahúsnæði skreytt, skrifuð jólakort, jólasamvera, blaðaútgáfa, Bókamessan, tónleikar hjá skólaörnum, útlit GSnb og litlu jólin haldin hátíðleg. Við leitumst við að hafa stemninguna lágstemmda og þöfum að gleyma okkur ekki í umbúðunum heldur rekja rækt við innihald jólaanna.

Stundatöflur nemenda munu halda sér nú í desember að frátöldum síðustu dögum, 19. og 20. desember. Nemendur í 5.-10. bekk norðan heiðar enda þann 19. desember í félagsvist og bingó og ljúka deginum kl 13:20. Miðvikudaginn, 20. desember, eru haldin litlu jól á öllum starfstöðvum. Nemendur í 1.-4. bekk mæta á hefðbundnum tíma og ljúka sínum degi kl. 12:00, Skólabær er opinn eftir það. Nemendur í 5.-10. bekk mæta kl 9:00 og ljúka sínum degi kl. 11:40. Í Lýshólsskóla hefjast litlu jól og jólatónleikar tónlistar-skólanemenda kl. 13.

Bókaveisla 10. bekkjar

Hin árlega Bókaveisla 10. bekkjar fór fram á Klifi 6. desember síðastliðinn. Þetta er í 15. sinn sem grunnskólanemendur standa að kynningu á rithöfundum Bókaveislunnar, en hátíðin var í fyrsta skipti haldin árið 2002 og þá að frumkvæði Framfarafélags Ólafsvíkur. Frá upphafi hefur sú hefð haldist að bjóða rithöfundum í súpu með nemendum áður en farið er inn á Klif.

Rithöfundarnir Einar Már Guðmundsson, Gunnar Theodór Eggertsson, Kristín Ómarsdóttir, Jón Kalman Stefánsson og Vilborg Davíðsdóttir kynntu og lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum. 10. bekkjar sömdu og fluttu kynningar á höfundunum og seldu veitingar í hléi með aðstoð foreldra sinna, til fjáröflunar fyrir útskriftarferðina sína. Birgitta Sveinsdóttir nemandi í 10. bekk og Tónlistarskóla Snæfellsbæjar söng tvö jólalög í hléi við undirleik Valentínu Kay sem átti vel við á aðventunni.

Bókaveislan er í dag og hefur verið undanfarin ár, eitt af áttahagafræðiverkefnum 10. bekkjar þar sem áhersla er lögð á að tengja saman skólann og samfélagið, en verkefnið er styrkt af Snæfellsbæ.

Það var gaman að sjá hvað nemendur okkar skiluðu verkefninu vel frá sér og voru þrúðir í alla staði. Þá var ánægjulegt að sjá hve margir mættu til að njóta kvöldsins með okkur. Þess má geta að Bókaveislan verður á dagskrá útvarps GSnb á FM103,5 næstkomandi miðvikudagskvöld.

Við látum fylgja með ummæli frá Einari Má Guðmundssyni sem hann sendi okkur eftir Bókaveisluna:

„Þakka fyrir frábært kvöld, þetta var stórkostlegt og nemendurnir báru samfélaginu og skólanum gott vitni“.

V. Lilja Stefánsdóttir og Margrét Gróa Helgadóttir

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



Útvarp GSnb 103,5

Þetta er í annað sinn sem við höldum úti útvarpi í aðdraganda jóla. Við sendum út á tíðninni 103,5 frá þriðjudeginum 12.12. til föstudagsins 15.12. Stefnt er að því að hægt verði að hlusta á útvarpið á netinu.

Til þess að útvarpið verði að veruleika þarf margt að smella saman. Undirbúningur þarf að vera góður, upptökur og handritagerð þarf að vanda. Ávinningurinn fyrir nemendur er margvíslegur, hæfileikar sem öllu jafna eru ekki þjálfaðir fá notið sín s.s. munnleg fram-sögn, samning handrita og tækimenn fá tækifæri til að læra á nýja tækni. Vil ég þakka nemendum og starfsfólki fyrir undirbúning og framkvæmd, fyrirtækjum og stofnunum fyrir stuðninginn.

Það er von okkar að þetta framtak verði árviss viðburður í aðdragandi jóla, líkt og Bóka-veislan hefur verið síðustu 15 ár.

Fréttatilkynning frá umhverfisnefnd skólans

Grunnskóli Snæfellsbæjar er stoltur handhafi Grænfánans og hefur undanfarin ár unnið markvisst að því að bæta starf skólans til að gera hann umhverfisvænni.

Næstu skref hjá okkur eru að draga úr matarsóun ásamt því að minnka umfang umbúða í skólanum. Ein leið til þess er að nemendur sem taka með sér nesti í skólann taka allan afgang og allar umbúðir af nesti sínu með sér heim í lok dags .

Einn ávinningur þess fyrir foreldra er að átta sig á hversu mikið barn þeirra borðar af því nesti sem það er sent með í skólann og einnig að nemendur geri sér grein fyrir hversu miklar umbúðir falla til.

Huga þarf að því, þegar barn er sent með t.d. skyr eða jógúrt, að ganga þannig frá matnum í skólatöskuna að hann spilli engu í töskunni því að allir afgangar t.d. hálfkláraða skyrdós þurfa börnin að taka með sér heim aftur.

Við bendum hér á tvær slóðir aðila sem selja margnota poka undir matvæli. Krums í Grundarfirði saumar stærðir að óskum hvers og eins.

<https://hjal.myshopify.com/collections/margnota-pokar> http://imgrid.net/post/1593549642380751489_1041759524

Við hefjum þetta átak þann 1. desember og vonumst til að allir séu tilbúnir að vinna þetta með okkur.

Umhverfisnefnd GSnb: Albína Gunnarsdóttir, Guðríður Þórðardóttir, Guðmunda H. Þórðardóttir og Ingiríður Harðardóttir.

Skóli á nýju ári

Skóli mun hefjast að nýju samkvæmt stundatöflu miðvikudaginn 3. janúar en starfsfólk mætir til undirbúnings og funda þriðjudaginn 2. janúar.

Tíminn sem nú fer í hönd er tími þar sem fjölskyldur og vinir koma saman, gera sér dagamun í mat og drykk, gefa gjafir og njóta samvista, hver með sínum hætti. Njótum þessa tíma og minnumst þess af hverju við höldum jólin hátíðleg.

Að lokum vil ég minna á mikilvægi lesturs, haldið lestri að börnum ykkar, verið styðjandi í lestranámi þeirra og góðar fyrirmyndir. *Að því sögðu sendi ég starfsfólki, nemendum og fjölskyldum þeirra mínar bestu jóla-kveðjur, megið þið elga gleðileg jól.*

Hilmar Már Arason skólastjóri

